

Hafnarfjarðarbær  
Anna Margrét Tómasdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 25. nóvember 2021  
UST202111-153/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 – Þynningarsvæði, iðnaðarsvæði og athafnarsvæði.**

Vísað er til erindis verkefnastjóra á umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar er barst 12. nóvember sl. þar sem stofnuninni er gefin kostur á koma á framfæri athugasemdum um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna þynningarsvæðis, iðnaðarsvæða I3 og I4 og athafnarsvæða AT3 og AT4.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að afmörkun þynningarsvæðis er feld úr skipulagi, landnotkunarflokkurinn I3 verður hluti af AT3, sem stækkar úr úr 18 ha í 58 ha. og landnotkunarflokkurinn I4 verður hluti af AT4 sem verður 40 ha. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir um að þynningarsvæðið sé felld úr aðalskipulagi sveitarfélagsins, en vill koma með eftirfarandi ábendingar.

#### **Starfsleyfi**

Nefnt var að meðal tilefna að breytingu aðalskipulags væri auglýsing tillögu að nýju starfsleyfi fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að nýtt starfsleyfi fyrir Rio Tinto á Íslandi hf.<sup>1</sup> er nú þegar í gildi. Starfsleyfið gildir til 28. október 2037. Með gildistöku þessa starfsleyfis voru felld út ákvæði um þynningarsvæði fyrir brennisteinsdíoxíð og svifryk.

#### **Þynningarsvæði**

Í greinargerð kemur fram að á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 3. nóvember var samþykkt að „ljóst er að samkvæmt skýrslu Verkfræðistofunnar Resource um endurskoðun á þynningarsvæði álversins er fullt tilefni til að *minnka* bæði þynningar-og öryggissvæðið“.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þynningarsvæði fyrir álverið hefur nú verið felld úr starfsleyfi fyrirtækisins. Einnig vill stofnunin benda á að ekki er til staðar öryggissvæði

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efirlitsskyrslur/ISAL%20Straumsv%c3%adk%20-%20starfsleyfi%20til%202037.pdf>

Í kringum álverið í Straumsvík og telur stofnunin ekki ástæðu til að skipuleggja varnar- og öryggissvæði á því svæði.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur